


Nr.: GÁT-040	<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	
Útgáfa: 1		
Dags.: 3/9/2021	<b>Fundargerð (Tegund fundar)</b>	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 1 af 2		

Dags.: 12.9.2022	Tími: 17:00	Staðsetning: Stofa 4	Fund boðaði: Hafliði
------------------	-------------	----------------------	----------------------

Mætt:	Hafliði Hinriksson, Unnur Ása Atladóttir, Birgir Jónsson, Sigurborg Hákonardóttir, Hlöðver Hlöðversson, Pálína Margeirsdóttir, Karen Ragnarsdóttir Malmqvist, Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir, Þórður Vilberg Guðmundsson, Pjetur St. Arason, Sævar Örn Arngrímsson.
Fjarverandi:	

#### Dagskrá:

1. Skólanefnd velur sér formann
2. Tölur haustannar
3. Gjaldskrár skólans
4. Fjármál
5. Önnur mál

nr.	Fundargerð dagskrárlíðs
1	Formaður skólanefndar er valinn úr hópi fulltrúa nefndarinnar. Borin var upp tillaga um að Þórður Vilberg Guðmundsson verði formaður skólanefndar. Tillagan var samþykkt samhljóða.
2	Unnur Ása fer yfir tölur haustannar 2022. Dagskólanemendum hefur fækkað örlítið miðað við síðasta haust, voru 127 síðasta haust en eru 115 núna. Heilt yfir er fjölgun í fjar- og dreifnámi. Fjarnemum hefur fjölgað úr 178 í 196. Dreifnemum hefur fjölgað úr 23 í 30. 32 nemendur eru að koma beint úr grunnskóla miðað við 26 síðasta haust og fleiri eru á heimavist.  Mikil aðsókn er í húsasmíði og náðist að koma öllum nýnemum inn. Á stúdentsbrautum er mest aðsókn á opna stúdentsbraut. Það voru merki um að verklega valið í grunnskólunum hefði áhrif á námsval nemenda og nú er mikilvægt að gera stúdentsnáminu hátt undir höfði þar sem heilt yfir hefur aðsókn í það dalað.
3	Hafliði fer yfir gjaldskrár og þær breytingar sem á þeim voru gerðar. Engin breyting var gerð á gjöldum í skólanum og á heimavist en gjaldskrá mótuneytis hækkaði samkvæmt vísitölu neysluverðs.
4	Hafliði fer yfir stöðu í fjármálum skólans. Heilt yfir hefur fjárhagsstaðan batnað mikið síðustu ár. Afgangur verður í lok árs sem mun færast yfir á næsta ár. Það verður skoðað í framhaldinu hvort það verði bætt í stjórnunarhlutann.

Nr.: GÁT-040	<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	
Útgáfa: 1		
Dags.: 3/9/2021	<b>Fundargerð (Tegund fundar)</b>	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 2 af 2		

- 5 Birgir fer yfir gæðakerfi, Græn skref, jafnlaunavottun og erlent samstarf. Skólinn starfar innan vottaðs gæðakerfis samkvæmt ISO-9001 staðlinum og jafnlaunakerfis samkvæmt ÍST 85 staðlinum og er mikilvægt að halda því á lofti. Einnig lauk skólinn öllum fimm grænu skrefunum á vordögum.
- Þórður Vilberg spurði út í stöðuna varðandi Tæknidag fjölskyldunnar. Dagurinn verður haldinn þann 1. október næstkomandi og verður með svipuðu sniði og undanfarin ár. Vonir standa til að nýja aðstaðan verði komin í gagnið og verði vígð við það tilefni.

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Fundargerð ritaði: Birgir Jónsson

dags. 12.9.2022

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):  
Á heimasíðu skólans og í rafrænni málaskrá